

**UTL****ÚTLENDINGASTOFNUN**
DIRECTORATE OF IMMIGRATION**E-100**

Móttekið:

Málsnúmer:

UMSÓKN UM FJÖLSKYLDUSAMEINGU VIÐ EES/EFTA RÍKISBORGARA UMSÓKN UM FYRSTA LEYFI

Fyrir hvern er umsóknareyðublaðið?

Nánasti aðstandandi ríkisborgara EES/EFTA ríkis, sem er sjálfur ríkisborgari ríkis utan EES/EFTA, hefur heimild til að dvelja á Íslandi ef dvöl hans byggir á rétti ríkisborgara EES/EFTA ríkis sem er búsettur á Íslandi.

Nánustu aðstandendur ríkisborgara EES/EFTA ríkis eru:

- Makar eða sambúðarmakar.
- Afkomendur í beinan ættlegg, þ.e. börn eða barnabörn hans eða maka, sem eru yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri.
- Ættingjar í beinan legg af eldri kynslóð, þ.e. foreldrar og ömmur og afar hans eða maka, sem eru á framfæri þeirra.

Hvernig er umsókn lögð fram?

Umsóknir er aðeins hægt að leggja fram á pappírformi, annað hvort í þar til gerðan póstkassa í anddyri Útlendingastofnunar að Dalvegi 18 í Kópavogi eða með því að senda umsókn í bréfpósti á sama heimilisfang. Einnig er hægt að leggja inn umsóknir hjá embættum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram fullnægjandi gögn. Ef fullnægjandi gögn berast ekki með umsókninni getur það leitt til þess að afgreiðsla umsóknar tefjist eða að umsókninni verði synjað.

Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

1. Umsækjandi (ríkisborgari utan EES / EFTA)

Eign nafn						
Kenn nafn						
Kennitala / Fæðingardagur						
Kyn	<input type="checkbox"/>	Karl	<input type="checkbox"/>	Kona	<input type="checkbox"/>	Kynsegin/annað
Ríkisfang			Símanúmer			
Heimilisfang erlendis						
Heimilisfang á Íslandi						
Póstnúmer			Netfang			
Ferðaskilríki (númer)			Útgáfudagur	Gildistími		

2. Tengsl við Ísland eða önnur Schengen ríki

Komi til synjunar í máli þínu og þú ert enn á landinu ber Útlendingastofnun að taka ákvörðun um brottvísun. Með ákvörðun um brottvísun er almennt veittur frestur til að yfirgefa landið. Yfirgefi fólk ekki landið innan veitts frest virkjast endurkomubann sem gildir að jafnaði á öllu Schengen-svæðinu. Hér með er þér gefið færi á að veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við ákvörðun um brottvísun og koma að andmælum vegna þeirrar ákvörðunar. Fyllir þú ekki út þennan hluta umsóknareyðublaðsins er lítið svo á að þú andmælir því ekki að þér verði ákveðin brottvísun verði umsókn þinni synjað. Verði breytingar á högum þínum eða aðstæðum er mikilvægt að þú upplýsir Útlendingastofnun hið fyrsta svo hægt sé að taka mið af því.

Hefur þú einhver tengsl við Ísland eða önnur ríki innan Schengen-svæðisins? Já Nei

Ef já, hvaða tengsl?

Eru einhverjar ástæður fyrir hendi sem gætu orðið til þess að brottvísun og endurkomubann á Schengen-svæðið teldist ósanngjörn ráðstöfun gagnvart þér eða öðrum aðstandendum þínum? Já Nei

Ef já, hvaða ástæður?

3. Aðstandandi umsækjanda á Íslandi (EES / EFTA-borgari)

Eiginnafn						
Kenninafn						
Kennitala / Fæðingardagur						
Kyn	<input type="checkbox"/>	Karl	<input type="checkbox"/>	Kona	<input type="checkbox"/>	Kynsegin/annað
Ríkisfang				Netfang		
Tengsl við umsækjanda	<input type="checkbox"/>	Hjúskpamaki	<input type="checkbox"/>	Sambúðarmaki	<input type="checkbox"/>	Barn
<input type="checkbox"/>	Foreldri	Annað, hvað?				
Grundvöllur dvalar á Íslandi	<input type="checkbox"/>	Launþegi	<input type="checkbox"/>	Námsmaður	<input type="checkbox"/>	Einstaklingur á eigin framfæri

Ef aðstandandi á Íslandi er maki/sambúðarmaki þinn, hvenær og hvernig kynntust þið?



4. Upplýsingar um nánustu aðstandendur, aðra en þann sem greint er frá í lið tvö.

Foreldri 1			
Nafn	Fæðingardagur	Ríkisfang	Búsetuland
Foreldri 2			
Nafn	Fæðingardagur	Ríkisfang	Búsetuland
Maki/sambúðarmaki			
Nafn	Fæðingardagur	Ríkisfang	Búsetuland
Börn			
Nafn	Fæðingardagur	Ríkisfang	Búsetuland

5. Ættingjar umsækjanda á Íslandi Gefðu upplýsingar um ættingja á Íslandi sem ekki hafa verið taldir upp í lið 2 og 3

Ég á enga ættingja á Íslandi Ég á eftirfarandi ættingja á Íslandi

Nafn	Fæðingard.	Ríkisfang	Skyldleiki

6. Búseta á Íslandi

Hvenær ætlar þú að koma til Íslands?	Tilgreinið dagsetningu (dd.mm.áá.)	
<input type="checkbox"/> Er komin(n) til landsins	Hvenær komstu? (dd.mm.áá)	
Hefur þú einhvern tíma sótt um vegabréfsáritun til Íslands?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	
Hefur þú áður sótt um dvalarleyfi á Íslandi?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	



Hefur þú verið á Íslandi áður? Ef já, hvenær og hve lengi?	<input type="checkbox"/>	Já	<input type="checkbox"/>	Nei
--	--------------------------	----	--------------------------	-----

7. Umboðsmaður

Umsækjandi þarf aðeins að fylla út þennan lið umsóknar vilji hann hafa umboðsmann. Umboðið gildir aðeins fyrir afgreiðslu þessarar umsóknar. Aðeins einn einstaklingur eða lögaðili getur verið umboðsmaður hverju sinni. Óski umsækjandi eftir að fella umboð niður eða skrá nýjan umboðsmann skal hann tilkynna Útlendingastofnun það skriflega.

Upplýsingar um umboðsmann

Nafn	
Kennitala / Fæðingardagur	
Heimilisfang	
Símanúmer	
Netfang	
Öryggistala*	

*Velja þarf **fjögurra stafa öryggistölu** sem gefa verður upp til að fá upplýsingar um mál umsækjanda hjá Útlendingastofnun. Öryggistöluna þarf að meðhöndla líkt og lykilorð og skal hún aðeins vera á vitorði þeirra er málið varðar.

8. Mundir þú eftir öllu?

Útlendingastofnun mælir með því að þú notir gátlistana hér að neðan til að tryggja að umsóknin sé fullnægjandi.

Gátlisti – Gögn sem þurfa að fylgja öllum umsóknum

<input type="checkbox"/>	Ljósrit vegabréfs. Ljósrit þarf að vera af persónusíðu og síðu með rithandarsýnishorni umsækjanda. Vegabréf þarf að vera í gildi.
<input type="checkbox"/>	Vottorð um fjölskyldutengsl eftir því sem við á (t.d. hjúskaparvottorð / hjúskaparstöðuvottorð / fæðingarvottorð / dánarvottorð / forsjárgögn / skilnaðargögn / vottorð um sambúð). Staðfesta þarf gildi vottorðs, annað hvort með apostille eða tvöfaldri keðjustimplun. Leggja þarf fram frumrit eða staðfest afrit af frumriti vottorðsins. Sjá upplýsingar um form fylgigagna
<input type="checkbox"/>	Staðfesting á tilgangi dvalar EES/EFTA aðstandanda á Íslandi. Skila þarf gögnum sem staðfesta að dvöl EES/EFTA borgara uppfylli enn skilyrði skráningar á landinu svo sem launaseðla eða staðfestingu á námsvist.

9. Viðbótargögn sem leggja þarf fram með umsókn fyrir afkomendur og ættingja

Ef sótt er um fyrir afkomendur EES/EFTA borgara eða maka hans, sem eru eldri en 21 árs og á framfæri hans, eða ættingja í beinan legg af eldri kynslóð, sem er á framfæri EES/EFTA borgarans, þarf jafnframt að leggja fram:

<input type="checkbox"/>	Gögn til staðfestingar á því að EES/EFTA borgarinn geti framfleytt afkomanda / ættingja sínum eða maka síns, t.d. ráðningarsamning eða launaseðla.
<input type="checkbox"/>	Gögn sem staðfesta að afkomandi / ættingi hafi verið á framfæri EES/EFTA borgarans.



10. Dagsetning og undirskrift

Útlendingastofnun kann að afla frekari upplýsinga um þig hjá innlendum og/eða erlendum aðilum sé það nauðsynlegt vegna umsóknarinnar til þess að tryggja að upplýsingar séu réttar og/eða sannreyna gildi vottorða. Ávallt er gætt að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 við upplýsingaöflun. Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands, barnaverndaryfirvöldum og lögreglu er heimil vinnsla og miðlun persónuupplýsinga samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum um útlendinga og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sömu aðilum er auk þess heimilt að afla upplýsinga hjá skattayfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja að dvöl þín sé lögleg.

Verði umsókn þín samþykkt áframsendir Útlendingastofnun upplýsingar til Þjóðskrár Íslands sem eru nauðsynlegar vegna skráningar í þjóðskrá.

Upplýsingar um þig kunna að vera notaðar við vinnslu seinni umsókna og/eða umsókna fjölskyldumeðlima til að tryggja að upplýsingar séu réttar. Á gildistíma dvalarskírteinis kann Útlendingastofnun að taka gögn þín til skoðunar berist upplýsingar um breyttar aðstæður eða gildi gagna. Rangar eða villandi upplýsingar geta leitt til synjunar umsókna, afturköllunar og hugsanlega brottvísunar. Röng upplýsingagjöf til Útlendingastofnunar er brot á lögum um útlendinga og refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Persónuverndarstefnu Útlendingastofnunar má nálgast á www.utl.is.

Umsækjendur frá tilteknum ríkjum þurfa að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við lög og fyrirmæli Landlæknisembættis.

Ég staðfesti að ég hef lesið ofangreindar upplýsingar og að allar upplýsingar sem ég hef gefið í tengslum við umsókn mína um dvalarskírteini vegna fjölskyldusameiningar við EES/EFTA ríkisborgara eru sannar og réttar.

Ég óska eftir að samskipti Útlendingastofnunar við mig séu í gegnum:

Tölvupóst Hefðbundinn bréfpóst

Staður, dagsetning og undirskrift

Staður	
Dagsetning	
Undirskrift umsækjanda	

11. Fyllist út af aðstandanda umsækjanda

Hér með staðfesti ég að ég sé sá EES/EFTA ríkisborgari sem þessi umsókn um dvalarskírteini vegna fjölskyldusameiningar byggir á og veiti Útlendingastofnun heimild til að afla upplýsinga hjá öðrum stjórnvöldum, þ.m.t Þjóðskrár Íslands, ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar, ef þörf er á, til að staðfesta að dvöl mín hérlendis sé í samræmi við XI. kafla útlendingalaga nr. 80/2016 og framlagða umsókn.

Ég hef lesið ofangreindar upplýsingar. Ég gef samþykki mitt fyrir þessari umsókn.

Staður	
Dagsetning	
Undirskrift aðstandanda umsækjanda	